

Stjórnarfundur FEB nr. 478 þriðjudaginn 4. október 2022 kl. 13.35 að Stangarhyl 4, 110 Reykjavík.

Mættir: Ingibjörg Sverrisdóttir, Ingibjörg Óskarsdóttir, Geir A. Guðsteinsson, Halldór Frímansson, Viðar Eggertsson, Kristján Árnason og Sigurbjörg Gísladóttir (mætti seinna).
Fjarverandi: Kári Jónasson, Kolbrún Stefánsdóttir og Ólafur Örn Ingólfsson.

Einnig sat stjórnarfundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB.

Dagskrá:

1. Stjórnarfundargerðir nr. 476 & 477 samþykktar og tímasetning næsta stjórnafundar ákveðin.

2. Múlabær/Hlíðabær

Í dag eru þrír stofnendur sem komu að stofnun Múlabæjar/Hlíðabæjar, Rauði kross Íslands, SÍBS og FEB. Upplýst var að Rauði kross Íslands hafi tekið ákvörðun um að draga sig úr fulltrúaráði Múlabæjar/Hlíðabæjar

Lögð var fram eftirfarandi tillaga fyrir stjórn FEB og hún samþykkt:

þrátt fyrir að RKÍ dragi sig út þá mun FEB halda sínu sriki og skipa áfram fulltrúa í fulltrúaráð og stjórn og FEB mun taka að fullu þátt í þeirri vinnu sem fer fram varðandi breytingar á skipulagsskrá Múlabæjar/Hlíðabæjar.

3. FEB á þrjú sæti í öldungaráði Reykjavíkurborgar. Einn stjórnarmaður félagsins hefur boðið sig fram til varaformennsku í ráðinu, Viðar Eggertsson.

4. Leigufélag aldraðra (LA)

Formaður fulltrúaráðs LA fór yfir aðdraganda ársfundar LA og ársfundinn sjálfan. Breyting varð á skipan í stjórn þannig að Jóhann G. Ásgeirsson var kjörinn formaður stjórnar og aðrir nýir í stjórn eru Sigurbjörg Gísladóttir varaformaður FEB og Dagbjört Höskuldsdóttir var kjörin ritari.

5. Stefnumótunarfundi stjórnar FEB

Farið yfir helstu niðurstöður fundarins. Efst í forgangs röðun eru eftirtalin þrjú verkefni:

- Hagsmuna og réttindamál
- Tómstundir og félagsstarf
- Skipulag innra starf

Veikasti hlekkurinn hér er „skipulag innra starfs“ og þarf að leggja mikla áherslu á bæta úr þessu skipulagi hið fyrsta. Þetta felur m.a. í sér að ákveða þarf hverjar fastanefndirnar eiga að vera og fastsetja þær í lög félagsins. Skipulag allra nefnda þarf að vera vel skilgreint með erindisbréfum, vinnuferlum og almennu utanumhaldi.

6. Framkvæmdastjóri FEB fór yfir það mikla starf sem fór fram hjá félaginu og í FEB-ferðum í sumar. Langflestar ferðir FEB-ferða voru yfirbókaðar og með biðlista. Mikil ánægja var með ferðirnar, ekki síst þær nýju og má þar t.d. nefna ferðina til Austfjarða nú í haust sem þótti takast afburða vel.

7. Fundurinn samþykkti nýja uppfærslu af persónuverndarstefnu félagsins

8. Skipa þarf innan tíðar ritnefnd Félagstíðinda FEB fyrir árið 2023 og samþykkti fundurinn að þema blaðsins yrði lífeyrismál.

Fleira ekki gert, fundið slitið kl. 16:07

Fundargerð ritaði

Geir A. Guðsteinsson

Sigríður Elva Elvasson

Sigríður Óskarsdóttir

Harður Friðmannsson

Sigríður Elva Elvasson

Geir A. Guðsteinsson